

## 15.22.02.01.07 Inngangur

Reglubundin aðalskoðun á skemmtibát er opinber heildarskoðun faggildrar skoðunarstofu á skemmtibát og skal hún í heild sinni framkvæmd af sömu skoðunarstofu.

Skoðunin skal framkvæmd í samræmi við skoðunarskýrslu „Reglubundin aðalskoðun á skemmtibát“ og skal eigandi eða fulltrúi hans vera viðstaddur alla þætti skoðunarinnar.

Skoðunarskýrsla fyrir reglubundna aðalskoðun á skemmtibát skiptist í eftirfarandi þrjá megin flokka:

- Atriði er varða bol, skrúfubúnað, stýrisbúnað, vélbúnað og þar sem við á reiða og seglbúnað.
- Neyðarbúnað.
- Annan skyldubúnað.

**Að auki er neðst á skýrslunni reitur sem heitir Yfirlýsing, en þar skal rita ósk eiganda um farsvið.**

Reglubundinni aðalskoðun er ætlað að staðfesta milliskoðanir (eiginskoðanir) og leiða í ljós ágalla, ef þeir eru til staðar, sem ekki hafa komið í ljós við milliskoðun.

Reglubundna aðalskoðun skal framkvæma í tvennu lagi. Bolskoðun skal framkvæma með bátinn á landi og skal þá bolurinn í heild, gegnumtök, botnstykki, stýrisbúnaður, og skrúfubúnaður skoðast bæði utanfrá og innanfrá. Einnig skal skoða mastur og reiða seglbáta á landi áður en mastur er reist.

Eftir að báturinn hefur verið sjósettur skal framkvæma skoðun á bol er snýr að vatnspéttleika og þær skoðanir sem eftir eru samkvæmt skoðunarskýrslu.

Skoðunarmanni er heimilt að gera hlé á skoðuninni ef ekki er hægt að ljúka skoðunatriðum.

Reglubundinni aðalskoðun er ekki lokið fyrir en báturinn er án athugasemda (dæmingar „2“ eða „3“).

### **Skoðunarhandbók:**

Uppsetning í skoðunatriðahluta handbókarinnar er þannig (frá vinstri til hægri):

**Reglugerð:** Tilvísun til kafla í reglugerðarbók sem inniheldur viðkomandi laga- eða reglugerðaákvæði.

**Túlkun:** Tilvísun til kafla í umburðarbréfi eða verklagsreglu sem inniheldur túlkanir á reglugerðum, í staðla eða ákvæði um frávik frá meginreglu.

**Verklýsing:** Tilvísun til kafla í umburðarbréfi eða verklagsreglu sem inniheldur verklýsingu vegna skoðunar á viðkomandi skoðunarþætti.

**Upplýsingar:** Upplýsingar um gildistöku ákvæðis, ritað “dd/mm/áááá”, sem á við um viðkomandi búnað, ef skipið er smíðað eða því breytt eftir gildistöku viðkomandi reglu.

**Skilgreiningar á dæmingum:** Hér eru dæmingar skilgreindar í samræmi við kröfu í reglu eða ákveðin orð í forsendum skilgreind.

**Aðferð:** Hér er mælt fyrir um þá aðferð sem beita skal þegar viðkomandi skoðunarþáttur er metinn. Skoðun ákveðins atriðis getur samanstáðið af fleiri en einni skoðunaraðferð.

Bókstafur gefur til kynna hvaða aðferðum skuli beitt:

H: Hljóðskoðun

M: Mæling

K: Átaksskoðun

S: Sjónskoðun

L: Lyktarskoðun

V: Virkniathugun

Við **hljóðskoðun og lyktarskoðun** er ástand viðkomandi búnaðar eða hluta skips metið með því að hlusta eftir óeðlilegu hljóði og finna óeðlileg lykt.

Með **sjónskoðun** er átt við mat á sýnilegu ástandi að svo miklu leiti sem við verður komið, án þess að taka hlutinn í sundur. Oft getur hins vegar þurft að fjarlægja hluti, búnað eða innréttingar til þess að komast að til skoðunar.

Við **átaksskoðun** er handaflí eða vogaraflí beitt á viðkomandi búnað og ástand hans metið. Athugað er hvort ástand búnaðarins eða stilling hans verði óeðlileg þegar aflí er beitt.

Við **mælingu** er notað mælitæki til að ákveða dæmingu viðkomandi atriðis. Mælitæki getur verið þykktarmælir, málband o.fl.

Við **virknithugun** er búnaðurinn gangsettur eða tekinn í notkun, honum beitt á eðlilegan hátt og virkni viðkomandi búnaðar könnuð (kannaður).

**Forsenda dóma:** Forsendu dóma er hér lýst. Dagsetningar eru ritaðar með sama hætti hér og í kaflanum um upplýsingar.

**Útfylling skoðunarskýrslu:** Mikilvægt er að við upphaf skoðunar og á meðan henni stendur sé fulltrúi útgerðar á staðnum. Færa skal niðurstöður skoðunar á gilt skýrslueyðublað og er sýnishorn þess að finna á heimsasíðu Siglingastofnunar.

Eftirfarandi skal útfyllt við upphaf skoðunar: Skipaskrárnúmer, hvort um aðal- eða endurskoðun er að ræða, nafn skips, heimahöfn, skráningarlengd hvar skipið er skoðað, dagsetningu skoðunar.

Við hvert skoðunatriði sem við á skal merkja með krossi "x" í reit 0,1,2 eða 3 eftir því sem við á. Ekki má færa inn dæmingar í skyggða reiti. Þar sem ekki er krafa um viðkomandi búnað eða atriði skal setja lárétt strik -- í reit númer 0 sem táknar að viðkomandi atriði á ekki við þetta skip.

Í lok skoðunar skal niðurstaða skoðunar færð í þar til gerðan reit, þó þannig að fært sé niður hæsta gildið af dæmingum 0-3. Ef um er að ræða dæmingu 2 skal skoðunarmaður einnig færa frestur til úrbóta og er heimilt að veita allt að þriggja mánaða frest að mati skoðunarmanns.

Neðst á skýrsluna skal færa hvenær athugasemdir voru færðar í tölvu (skipaskrá þ.e. heildarlista skoðuna). Einnig er mikilvægt að færa upp í haus skýrslu gildistíma skoðunar hér þarf þó ekki að vera um gildistíma haffæris að ræða þar sem aðrar skoðanir eða þættir geta ráðið þar um.

Skoðunarmaður skal undirrita skoðunarskýrslu því til staðfestingar að skoðun sé lokið að hans hálfu. Fulltrúi útgerðar skal undirrita skoðunarskýrslu þess efnis að skoðun hafi farið fram.

## Tilvísanir

### Síðustu breytingar og/eða athugasemdir:

#### Ritstjórn

Guðmundur Guðmundsson/Siglingastofnun

Geir Þ Geirsson/Siglingastofnun

Árni Friðriksson/Siglingastofnun